

4. gr.

Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, öldrykkjustofum, opinberum dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum með dansi. Undanþegnar eru þó skólaskemmtanir og skemmtanir innan æskulýðsfélaga, enda séu þar kennarar eða forystumenn æskulýðsfélaga til eftirlits. Enn fremur sýningar eða skemmtanir, sem sérstaklega eru ætlaðar börnum og barnaverndarnefnd hefur samþykkt.

Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- eða tóbaksbúðum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjármönnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útvístartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglíngar fái ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er.

5. gr.

Börnum og unglíngum eru bannaðar óþarfa ferðir út á bryggjur og í skip, sem við þær liggja, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og eigi seinna en til kl. 22 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn 12, 13 og 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og eigi seinna en kl. 23 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Foreldrum og húsbændum barnanna ber að viðlögðum sektum að sjá um, að þessum ákvæðum sé framfylgt.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir til um slík mál í barnaverndarlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 19. marz 1965.

Gylfi P. Gíslason.

Birgír Thorlacius

REGLUGERÐ

um barnavernd í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Neshrepps utan Ennis er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem það nefnist, gefa þeim það eða láta þeim í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum), hvers konar eftirlíkingum af tóbaksvörum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis eða barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Barnaverndarnefnd eða starfsmaður hennar skal kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýninguna skaðsamlega eða óhollt sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Er þá viðkomandi aðila skylt að geta þess í auglýsingu á sinn kostnað. Að öðru leyti ber þeim, sem að kvikmyndasýningu standa, að fara eftir úrskurði kvikmyndaeftirlitsmanna ríkisins um aðgang barna og unglinga að kvikmyndasýningum.

Börnum og unglungum 14 ára og yngri er óheimill aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða forsjármönnum.

4. gr.

Börnum og unglungum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, öldrykkjustofum, opinberum dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum með dansi. Undanþegnar eru þó skólaskemmtanir og skemmtanir innan æskulýðsfélaga, enda séu þar kennarar eða forystumenn æskulýðsfélaga til eftirlits. Enn fremur sýningar eða skemmtanir, sem sérstaklega er ætlaðar börnum og barnaverndarnefnd hefur samþykkt.

Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- eða tóbaksbúðum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjármönnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna, eftir að útivistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er.

5. gr.

Börnum og unglungum eru bannaðar óþarfa ferðir út á bryggjur og í skip, sem við þær liggja, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20. á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og eigi seinna en til kl. 22 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn 12, 13 og 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og eigi seinna en til kl. 23 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Foreldrum og húsbændum barnanna ber að viðlögðum sektum að sjá um, að þessum ákvæðum sé framfylgt.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir til um slík mál í barnaverndarlögunum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.